

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Akureyrar.**

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári. Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða. Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammta-breytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:

Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 63,20

B. Fastagjald:

B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.

Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár kr. 3 612,00

B.2 Án húshitunar.

Mælagjald á mánuði kr. 343,00

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingar-gjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.

C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%

C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m² 0,4%

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald kr. 11 988,00

C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m
lengd frá lóðarmörkum kr. 1 502,00

5. gr.

D. Önnur gjöld.

D.1 Lokunargjald kr. 757,00

D.2 Skammtabreytingargjald kr. 448,00

D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 448,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. maí 1988, 110,8 stig.

Gjaldskrár þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 572, 18. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

**fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu
varðandi köfunarmál.**

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirfarandi gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	1 200,00
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	1 000,00
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	300,00

Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferðakostnað.

2. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirgreind gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	2 700,00
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	1 000,00

3. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1988, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 42, 17. janúar 1986.

Samgönguráðuneytið, 18. apríl 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.